

Staðfesting konungs á skipulagsskrá styrktarsjóðs W. Fischers.

118

VJER CHRISTIAN HINN NÍUNDI, af guðs náð Danmerkur konungur, 28. júní
Vinda og Gauta hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Lau-
cnborg og Aldinborg

gjörum kunnugt: Með því að þess allra undirgefnast hefur beiðzt verið og æskt, að vjer veittum allrahæsta samþykki vort skipulagsskrá fyrir sjóð nokkurn, sem hinn 28. d. júním. 1889 er stofnaður af ekkjufrú A. Fischer og kaupmanni F. Fischer og nefnist «styrktarsjóður W. Fischers», og sem í frumriti er fest við brjef þetta, þá höfum vjer allra mildilegast staðfest tjeða skipulagsskrá, eins og vjer með þessu brjefi samþykkjum hana og staðfestum, og hefur ráðgjafi vor fyrir Ísland til geymslu tekið staðfest eptirrit, samhljóða henni.

Fyrirbjóðum vjer einum og sjerhverjum að tálma því, sem að framan er ritað. Þannig gjört í aðsetursborg vorri Kaupmannahöfn, 13. sept. 1889.

Vort konunglega innsigli.

(L. S.)

Að allramildilegustu boði hans hátingar konungsins.

J. Nellemann.

Skipulagsskrá

fyrir styrktarsjóð W. Fischers.

1. gr.

Samkvæmt ósk W. Fischers, kaupmanns á Íslandi, sem andaðist 22. nóvbr. f. á., og fyrir hönd hans, afhenda ekkja hans og sonur hjer með styrktarsjóð, sem ber nafn hans, að upphæð tuttugu þúsund krónur í óuppsegjanlegum konunglegum dönskum 3½% ríkisskuldabryfum, og sem verzlunarhjeruð Reykjavíkur og Keflavíkur eiga að njóta góðs af framvegis, þannig að vöxtunum af honum á að útbýta á ári hverju samkvæmt skipulagsskrá þeirri, er hjer fer á eptir. Upphæðin 20,000 kr. í óuppsegjanlegum konunglegum dönskum 3½% ríkisskuldabryfum, hefur 28. maí þ. á. verið afhent á ríkisskuldaskrifstofunni í Kaupmannahöfn og hefur þar aptur á móti verið gefið út hjálagt innritunarskrifteiu, sem ber nafnið styrktarsjóður W. Fischers Ltr. A. Fol. 373 og sömuleiðis hefur ráðstöfun verið gjörð til að vextirnir af ríkisskuldabryfum þessum verði greiddir úr landssjóði Íslands í Reykjavík fyrsta skipti 11. desbr. þ. á. og síðan 11. júní og 11. desbr. ár hvert með 350 — þrjú hundruð og fimmtíu — krónum á miss-iri hverju. Styrktarsjóðurinn á að heita: «Styrktarsjóður W. Fischers.»

2. gr.

Styrktarsjóðsupphæðinni, 20000 kr. í óuppsegjanlegum konunglegum dönskum 3½% ríkisskuldabryfum, stýrir landshöfðinginn yfir Íslandi eða sá, er æðstur valdsmaður er á Íslandi á hverjum tíma; eigendur verzlunarhússins «W. Fischer» geyma sjer þó rjett til, meðan verzlunarhúsið stendur, annaðhvort sjálfir eða gegnum umboðsmann, að skipa meðstjórnanda, sem ásamt landshöfðingjanum stýri styrktarsjóðnum. Ef verzlunarhúsið «W. Fischer» hættir að vera til, kys landshöfðinginn sjer meðstjórnanda í stað verzlunarhússins.

3. gr.

Afallandi gjöld, svo sem fyrir burðareyri, bækur, auglýsingar o. fl. greiðast af vaxtatekjunum.

28. júní

Vöxtunum af höfuðstólnum skal varið til styrks handa:

- A. Ekkjum og börnum, sem misst hafa forsjármenn sína í sjóinn og eru verð hjálpar og þurfa hennar.
- B. Ungum Íslendingum, sem hafa í tvö ár verið í förum á verzlunar- eða fiskiskipum, sýnt iðni og reglusemi, og eru verðir þess að þeim sje kennd sjómannafræði og þurfa styrks til þess.

Allt að þriðjungi af vaxtatekjum styrktarsjóðsins skal, ef þörf er á, varið á ári hverju til styrks þess, sem ræðir um undir staflíð B, en ef eigi þarf að halda á þeirri upphæð og enginn sækir um slíkan styrk, má verja öllum vaxtatekjunum það ár til styrktveitinga þeirra, sem getið er um undir staflíð A.

Til þess að geta komið til greina við fjárveitingu úr styrktarsjóðnum eru þessi skilyrði nauðsynleg:

Ekkjur verða að hafa verið að minnsta kosti 2 ár búsettar í Reykjavík eða Keflavík verzlunarhjeruðum og vera það enn, og sjómenn og börn að vera fæddir og að nokkru leyti upp aldir þar. Með verzlunarhjeraði Reykjavíkur er átt við:

Bessastaðahrepp, Gardahrepp,
Seltjarnarneshrepp og Reykjavík.

Með Keflavíkur verzlunarhjeraði er átt við:

Grindavíkurhrepp, Hafnahrepp.
Rosmhvalaneshrepp, Miðneshrepp,
og Vatnsleysustrandarhrepp.

Styrkinn skal veita eptir þörf styrkbeiðendanna, þó svo, að þeir, sem heima eiga í verzlunarhjeraði Keflavíkur, skulu teknir fram yfir aðra, þegar þörfin er söm.

5. gr.

Styrktarsjóðs-upphæðin, sem eins og þegar er getið, er tuttugu þúsund krónur í óuppsegjanlegum konunglegum dönskum $3\frac{1}{2}\%$ ríkisskuldabréfum, var 28. maí þ. á. afhent á ríkisskuldaskrifstofunni í Kaupmannahöfn gegn innritunarskírteini Ltr. A. Fol. 373, með nafninu «styrktarsjóður W. Fischers». Vextirnir, 350 kr. á missiri hverju greiðist í fyrsta skipti 11. desbr. þ. á. og framvegis 11. júní og 11. desbr. ár hvert úr jarðabókarsjóðnum í Reykjavík, samkvæmt ráðstöfun frá ríkisskuldaskrifstofunni í Kaupmannahöfn, gegn kvittun annarshvors stjórnendanna.

Höfuðstólinn má aldrei skerða; einungis má eyða vöxtunum eða svo miklum hluta af þeim, sem stjórnendum sjóðsins þykir ástæða til á ári hverju að verja samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í skipulagsskrá þessari. Svo framarlega sem eigi er varið öllum vaxtatekjunum eitthvert ár til styrkveitinga, skal koma því, sem afgangur verður, á vöxtu frá vaxtagjaldaga; því fje sem þannig leggst fyrir, má, ef margir þurfandi og hjálparverðir beiðast styrks næsta ár, verja ásamt tekjum þess árs til styrkveitinga samkvæmt ákvörðunum skipulagsskrárinnar, en sje eigi svo, þer að leggja það fje við höfuðstólinn og gilda þá um það sömu ákvæði sem um hann.

Styrkur úr sjóðnum er veittur einu sinni á ári, fyrsta skipti 13. desbr. 1890, og framvegis sama dag ár hvert, í hlutum frá 50 kr. til 100 kr. eptir því sem sjórnendum sjóðsins þykir við eiga. Upphæðirnar greiðast án þess nokkuð sje frá þeim dregið.

6. gr.

Peir, sem æskja styrks úr sjóðnum, geta frá 1. til 30. júní ár hvert fengið hjá stjórnendunum prentuð eyðublöð, sem síðan ber að senda stjórnendum sjóðsins fyrir 16. júlí útfyllt með upplýsingum þeim, sem heimtaðar eru, og eiga þeir að leggja skýrslur þessar til grundvallar fyrir styrkveitingum og stærð styrkhlutanna, sem greiða á þeim, er styrkur er veittur, 13. desbr. ár hvert. Stjórn sjóðsins lætur í lok maímán. ár hvert prenta auglýsingu í einu af blöðum þeim, sem út koma í Reykjavík, viðvíkjandi umsóknnum um styrk, og á í auglýsingu þeirri að vera getið allra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru, þar með talin ákvæðin í þessari grein.

7. gr.

Engum veitist styrkur lengur en eitt ár í senn, en eigi skal þó loka fyrir skotið, að sá, sem eitt sinn hefur styrk fengið, geti á ný fengið hann ár eftir ár, svo framarlega sem hann á ári hverju sækir um hann og þykir hæfur að njóta hans.

8. gr.

Einu sinni á ári hverju skal auglýsa í einhverju af blöðum þeim, sem út koma í Reykjavík, reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins.

Staddur í Reykjavík 28. júní 1889.

Fyrir hönd ekkjufrúar A. Fischer og sjálfs sín

F. Fischer.

Skýrsla

119

um yfirsetukvennaumdæmi í Norður- og Austuramtinu.

2. oktr.

Suður-Múlasýsla.

1. Álptafjörður frá Lónsheiði að Hamarsá.
2. Hálssókn frá Hamarsá innfyrir Urðarteig og Beruneshreppur að Fossí.
3. Beruneshreppur frá Fossá að Streitisá.
4. Breiðdalur frá Streitisá að Hvalsnesskriðum.
5. Stöðvarfjörður og Fáskrúðsfjörður frá Hvalsnesskriðum að Kolfreyjustaðarskriðum.
6. Reyðarfjarðarhreppur frá Kolfreyjustaðarskriðum að Krossanesskriðum.
7. Vöðlavík, Viðfjörður og Sandvík frá Krossanesskriðum að Viðfirði meðtölum.
8. Norðfjörður frá Viðfirði til Nýpu.
9. Mjóifjörður frá Nýpu til Dalatanga.
10. Eyðapinghá og Vallahreppur austan og utan Grímsár og Gílsár.
11. Vallahreppur út að Grímsá og Skriðdalur.

Norður-Múlasýsla.

1. Seyðisfjarðarhreppur.
2. Klippstaðar- og Húsavíkursóknir.
3. Desjarmýrar- og Njarðvíkursóknir.
4. Hjaltastadarpinghá.
5. Fljótsdalshreppur.
6. Fellahreppur.
7. Tunguhreppur og Jökulsárhlíð upp að Fossvöllum.
8. Hofteigs og Brúarsókn á Jökuldal.
9. Vopnafjarðarhreppur.